

**Reglur um könnun og meðferð einstakra
barnaverndarmála eða málaflokka hjá
starfsmönnum Barnaverndarnefnd
Þingeyinga**

Efnisyfirlit

I. Almenn	4
1. gr. almennt	4
2. gr. aðilar reglna.....	4
3. gr. hlutverk Barnaverndarnefndar	4
4. gr. Starfsmenn Barnaverndarnefndar	4
II Vanhæfisreglur	4
5. gr. vanhæfi.....	4
6. gr. áhrif vanhæfis.....	5
III Málsmeðferð hjá starfsmönnum barnaverndarnefndar	5
7. gr. hlutdrægni og fagleg vinnubrögð.....	5
8. Réttindi barna við málsmeðferð	5
9. gr. málshraði.....	5
10. gr. skráning.	5
11. gr. tilkynningar.....	6
12. gr. brýnar aðgerðir.....	6
13. gr. könnun máls	6
14. gr. áætlun um meðferð máls.....	6
15. gr. mál lagt fyrir barnaverndarnefnd.....	7
16. gr. ákvarðanir barnaverndarnefndar	7
17. gr. úrræði gagnvart þeim sem starfa með börnum.....	7
18. samstarf milli barnaverndarnefndar	7
IV Ráðstöfun barns utan heimilis.	8
19. gr. vistun utan heimilis	8
20. gr. fóstur	8
21. gr. vistun á meðferðarheimili	8
V Umsagnir vegna forsjár- og umgengismála	9
20. gr. umsagnir skv. barnalögum nr.76/2003	9
21. gr. könnun umsagnarmáls	9
22. gr. greinargerð/mál lagt fyrir barnaverndarnefnd	9
VI Aðra umsagnir	9
24. gr. umagnir skv. ættleiðingarlögum nr. 130/1999	9
VII. Gildistaka	9
25. gr.....	9

I. Almennt

1. gr. almennt

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem gilda framfar reglum þessum þegar þeim sleppir.

2. gr. aðilar reglna

Barnaverndarnefnd Þingeyinga er sameiginleg nefnd Norðurþings, Langanesbyggðar, Skútustaðahrepps, Svalbarðshrepps, Tjörneshrepps og Þingeyjarsveitar sbr. samning um ráðgjafapjónustu, **gildistími er 1. janúar 2011 til 31. desember 2015. Setja inn nýja samninginn!**

3. gr. hlutverk Barnaverndarnefndar

Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi: eftirlit, úrræði og önnur verkefni samkvæmt 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nefndin skal sinna verkefnum falin í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og barnalögum 76/2003.

Barnaverndarnefnd kveður upp úrskurði og tekur ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., og ákvörðun um að krefjast brottvikning heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. barnaverndarlaga. Barnaverndarnefnd tekur einhliða áætlun um beitingu þvingunar sbr. 23. gr. Barnaverndarlaga.

4. gr. Starfsmenn Barnaverndarnefndar

Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslíð eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni. Starfsmenn nefndarinnar skulu hafa lokið námi í félagsráðgjöf, lögfræði, sálfræði, félagsfræði eða sambærilegu námi.

Starfsmenn verða að búa yfir hæfni og þekkingu til þess að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Starfsmenn barnaverndarnefnda fara með einstök barnaverndarmál eða málaflökka í umboði nefndarinnar eftir reglum þessum og eftir frekari ákvörðunum nefndarinnar hverju sinni. Barnaverndarnefnd getur hvenær sem er gripið inni aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

II Vanhæfisreglur

5. gr. vanhæfi.

Um vanhæfi starfsmanna til meðferðar einstakra mála gilda reglur stjórnáslulaga nr. 37/1993 þ.e. að starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirvarsmáður eða umboðsmaður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. Tölul.
4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægri stjórnáslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fara með umsóunar- eða eftirlistvald hafi hann áður haft afskipt af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.

5. Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. Eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.
6. Ef að örðu leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

6. gr. áhrif vanhæfis

Starfsmaður sem veit um aðstæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli næsta yfirmanns á því. Yfirmaður tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður víki sæti. Sé yfirmaður vanhæfur til meðferðar máls gildi hið sama um starfsmenn sem undir hann heyra og skal mál þá unnið undir stjórn hans yfirmanns ef þeim sem skipar til þess.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegra eru til að halda máli í réttu horfi meðan staðgengill er ekki til staðar sbr. 4. gr. stjórnsýslulaga. Hið sama gildir um yfirmann.

Nefndarmaður sem vanhæfur er til meðferðar máls skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

III Málsmeðferð hjá starfsmönnum barnaverndarnefndar

7. gr. hlutdrægni og fagleg vinnubrögð.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutdrægni. Þeir mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir verða vísari í starfi sínum um einkamál manna eða heimilishátta. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra/forsjáraðila og sýna þeim og örðum er tengjast máli fyllstu nærgætni og virðingu, er þeir kanna og fara með mál.

8. Réttindi barna við málsmeðferð

Í starfi sínu skulu starfsmenn taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að kanna mál skal taka afstöðu til þess hvort skipa skuli barni talsmann. Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu skv. 29. gr. heimilt er að skipa barni talsmann f það er til að þjóna hagsmunum barnsins. Ávallt skal leita samþykkis barna eldri en 15 ára vegna beitingu úrræða og þeim skal skipaður talsmaður nema barn njóti aðstoðar lögmanns. Barn eldri en 15 ára telst aðili máls.

9. gr. málshraði.

Þegar berst tilkynning stafsmonnum barnaverndarnefndar skulu þeir taka afstöðu til þess án tafar og eigi síður en innan 7 daga frá því að tilkynning berst. Starfsmenn skulu tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni, innan viku frá því að ákvörðunin var tekin. Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna. Könnun barnaverndarmála skal að jafnaði lokið innan þriggja mánaða og eigi síður en fjórum mánuðum eftir að ákveðið var að hefja könnun.

10. gr. skráning.

Starfsmönnum ber að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundinn hátt og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sbr. ákvæði 39. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 22. og 23. upplýsingalaga nr. 50/1996.

11. gr. tilkynningar.

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess. Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum um að þunguð kona stefni heilsu eða lífi ófæddis barns síns í hættu.

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart örðum en barnaverndarnefnd. Það á þó ekki við ef um er að ræða tilkynnendur skv. 17. gr. og 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 3. mgr. 19. gr. laganna.

Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema rökstuddur grunur um að tilefni sé til, sama gildir þó starfsmaður fái upplýsingar með örðum hætti en tilkynningu.

Ákvörðun um könnun máls skal tekin á teymisfundi starfsmanna barnaverndarnefndar.

12. gr. brýnar aðgerðir

Starfsmaður hefur umboð til að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns sbr. 31. gr. barnaverndarlaga en skal hafa samráð við yfirmann og formann barnaverndarnefndar ef unnt er. Leggja skal málið fyrir barnaverndarnefnd til staðfestingar án tafar og eigi síðar en innan 14 daga.

13. gr. könnun máls

Þegar liggur rökstuddur grunur um að aðbúnaði barns sé ábótavant, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra/forsjáraðila, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar barnsins skal málið kannað án tafar.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila þar sem starfsmaður og forsjáraðili/ar undirrita áætlun um framkvæmd könnunar. Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim er málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Aflað skal sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag þess. Að jafnaði skal aflað umsagna skóla barns, eða annarra stofnunar þar sem barn dvelur, heimilisaðstæður kannaðar, rætt við foreldra/forsjáraðila. Þá skal að jafnaði aflað upplýsinga frá heilbrigðisyfirvöldum um heilsufar barnsins.

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni á grundvelli alm. hegningarlaga nr. 19/1940, hefur starfsmaður/yfirmaður umboð til að óska eftir lögreglurannsókn. Könnun máls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni hraðað sem kostur er. Þegar mál hefur verið nægilega kannað skal starfsmaður taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Ákvörðun um beitingu úrræða og lokun máls skal tekin á teymisfundi starfsmanna barnaverndarnefndar. Þar eiga sæti félagsmálastjóri og starfsmenn barnaverndarnefndar, fundurinn er valbær ef 2/3 fundarmanna sitja fundinn.

14. gr. áætlun um meðferð máls.

Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati starfsmanna barnaverndarnefndar skal taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið er hverra úrbóta sé þörf og settar eru fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Starfsmaður í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls. Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á. Í áætlun skal koma fram hvaða

úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi og í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum/forsjáraðilum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá.

Áætlun skal markaður ákveðinn tími og mál endurskoðað með hliðsjón af því hvort markmiðum hafi verið náð.

15. gr. mál lagt fyrir barnaverndarnefnd

Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, skal barnaverndarnefndar einhliða semja áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Áætlunina skal kynna foreldrum og barni.

Leggja skal mál fyrir barnaverndarnefnd þegar kveða þarf upp úrskurði og taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

Mál skal ætíð lagt fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð þar sem fram koma ástæður fyrir íhlutun, atvik máls og annað er máli kann að skipta.

Starfsmaður skal afhenda og kynna aðilum máls greinargerðir og önnur gögn málsins með hæfilegum fyrirvara. Teymisfundur getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns að aðilar fái ekki að svo stöddu að kynna sér innihald tiltekinna gagna þar til barnaverndarnefnd hefur tekið endanlega ákvörðun þar að lútandi.

Yfirmaður getur ákveðið að vísa máli til barnaverndarnefndar þegar mjög erfitt reynist að ná samvinnu við foreldra/forsjáraðila barns um könnun máls.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra/forsjáraðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans til lögmannaástoðar og mögulega fjárhagsástoð í því skyni sbr. 47.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

16. gr. ákvarðanir barnaverndarnefndar

Starfsmaður skal án ástæðulausrar tafar og með sannanlegum hætti tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði barnaverndarnefndar. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um kærheimildir, þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti og hvert beina skuli kæru.

17. gr. úrræði gagnvart þeim sem starfa með börnum

Starfsmaður skal taka á móti ábendingum um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant sbr. 35. gr. barnaverndarlaga. Teymisfundur skal taka ákvörðun um að kanna mál í samræmi við ákvæði 21. gr. barnaverndarlaga telji hann tilefni til. Starfsmaður skal tilkynna viðkomandi starfsmanni ákvörðun sína og vinnuveitanda hans ef við á. Starfsmaður skal tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

18. samstarf milli barnaverndarnefndar

Ef starfsmenn telja hentugra að mál sé að einhverju leiti eða öllu leyti rekið í örðu umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu er starfsmönnum Barnaverndarnefndar Þingeyinga heimilt að semja við þá barnaverndarnefnd sem hentugara er talið að fari með málið að málið sé rekið þar. Slíkt samkomulag skal staðfest á samráðsfundi starfsmanna barnaverndarnefndar.

IV Ráðstöfun barns utan heimilis.

19. gr. vistun utan heimilis

Áður en barni er ráðstafað utan heimilis skal reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni.

Liggja þarf fyrir samþykki foreldra/forsjáraðila barns og barns sem náð hefur 15 ára aldri fyrir því að barnið verði vistað utan heimilis eða því ráðstafað í fóstur. Skal samþykkið vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja aðila er votta að foreldrum/forsjáraðila og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar.

Skorti samþykki foreldra/forsjáraðila og/eða barns 15 ára og eldra skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd og skal þá barni og/eða talsmanni/lögmanni þess veitt færi á að tjá sig fyrir nefndinni. Hið sama gildir um foreldra/forsjáraðila og/eða lögmenn þeirra. Starfsmaður skal leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns áður en barni er ráðstafað utan heimilis.

Starfsmaður skal aðstoða og undirbúa foreldra/forsjáraðila og barn undir væntanlega vistun eða fóstur. Skal starfsmaður semja skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

20. gr. fóstur

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður barnaverndarnefndar um fóstur barns sendir starfsmaður beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við stofuna. Starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra/forsjáraðila. Enn fremur skal starfsmaður veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar maðan á fóstri stendur eftir því sem ástæða þykir til. Starfsmaður skal koma á fósturheimili a.m.k. einu sinni á ári.

Fósturmál skulu lögð fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð þar sem fram koma upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra fósturforeldra, þarfir og hagsmuni barns og annað sem máli kann að skipta.

Þegar barnaverndarnefnd hefur samþykkt fóstur barns skal starfsmaður gera skriflegan fóstursamning fyrir hönd barnaverndarnefndar við fósturforeldra. Fóstursamningur skal gerður á þar til gerð eyðublöð og skulu koma fram þau atriði sem getið er í 68. gr. bvl. og annað sem máli kann að skipta. Starfsmaður sendir tilkynningu um gerð fóstursamnings til Barnaverndarstofu og lok fósturs. Starfsmaður tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

Starfsmaður hefur frumkvæði að því að koma á samningi um umgengni barns við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Barnaverndarnefnd úrskurðar um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd.

21. gr. vistun á meðferðarheimili

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður barnaverndarnefndar fyrir vistun barns á meðferðarheimili sendir starfsmaður umsókn til Barnaverndarstofu. Stofan metur og tekur ákvörðun í samráði við starfsmann nefndarinnar um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og ljúka.

Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. barnaverndarlaga ber starfsmanni að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði.

Starfsmaður barnaverndarnefndar skal gera vistunarsamning og leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

V Umsagnir vegna forsjár- og umgengnismála

20. gr. umsagnir skv. barnalögum nr.76/2003

Óski velferðarráðuneytið eða dómari eftir umsögn barnaverndarnefndar áður en forsjármáli er ráðið til lykta, skulu starfsmenn annast könnun málsins. Það sama gildir ef sýslumaður óskar umsagnar vegna deilu um umgengnisrétt barns og foreldris, sem ekki fer með forsjá þess og ef foreldrar óska eftir að fela þriðja manni forsjá barns með samningi.

21. gr. könnun umsagnarmáls

Könnun starfsmanns skal miða að því að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttað, aðstæður og möguleika foreldra/forsjáraðila til að annast barn, tengsl foreldra/forsjáraðila og barns annað er máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra/forsjáraðila könnuð.

Starfsmaður barnaverndarnefndar skal kanna viðhorf barns eftir því sem það hefur þroska og getu til. Starfsmaður getur aflað álits annarra sérfræðinga á einhverju því er ofan greinir.

22. gr. greinargerð/mál lagt fyrir barnaverndarnefnd

Að lokinni könnun skal starfsmaður gera skriflega greinargerð, þar sem fram kemur framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður. Aðilum skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins. Þegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd. Starfsmaður barnaverndarnefndar skal vekja athygli aðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

VI Aðra umsagnir

24. gr. umagnir skv. ættleiðingarlögum nr. 130/1999

Sé óskað umsagnar vegna ættleiðinga skv. 16. gr. og 31. gr. ættleiðingarlaga nr. 130/199 eða skv. ákvæðum barnaverndarlaga, svo sem um hæfi verðandi fósturforeldra eða um leyfi til að reka stofnun eða heimili fyrir börn, skal starfsmaður annast könnun málsins. Starfsmaður skal skrifa greinargerð sem lögð er fyrir barnaverndarnefnd. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu fela í sér upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra í samræmi við ættleiðingarlög nr. 130/1999. Afhenda skal aðilum greinargerð og gefa þeim kost á að gera athugasemdir munnlega eða skriflega. Aðilum skal jafnframt boðið að mæta á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir aðstæðum sínum eða sjónarmiðum.

VII. Gildistaka

25. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu Barnaverndarnefndar Þingeyinga.